

Priðjudaginn 10. maí 1962.

Nr. 43/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Vigfúsi Waagfjörð (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða.

Í málinu hefur Sigurbjörn Árnason, Skál á Síðu, Vestur-Skaftafellssýslu, haft uppi þær kröfur, að ákærða verði dæmt að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 47.920.50 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af skýrslum ákærða, sem styðjast við vætti Auðuns Haf-fjörðs Jónssonar, má ráða, að nefndur Sigurbjörn hafi sýnt ákærða nokkra áreitni, áður en ákærði sló til hans. Þykir því rétt, að Sigurbjörn beri tjón sitt að nokkru sjálfur. Er hæfilegt, að ákærði bæti honum tjón hans að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Fjárhæð kröfu Sigurbjörns er í hóf stillt, og telst tjón hans því nema kr. 47.920.00. Ber ákærða að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess, eða kr. 35.940.38 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfúsi Waagfjörð, sæti varðhaldi 20 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að

liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurbirni Árnasyni kr. 35.940.38 með 7% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 1. janúar 1966 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. febrúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 20. febrúar 1964, á hendur Vigfúsi Waagfjörð vélstjóra, Hásteinsvegi 21, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa „aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962, er ákærði var á gangi eftir Hásteinsvegi í Vestmannaeyjum ásamt Sigurbirni Árnasyni frá Skál á Síðu og þriðja manni, greitt nefndum Sigurbirni högg, svo að hann féll í götuna, en við það bögglaðist hægri fótleggur hans undir honum og brotnaði.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 17. febrúar 1930 og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

- 1948 29/6: Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
 — — Áminning fyrir ólöglega meðferð skotvopna.
 1949 29/8: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 23/1941 og 113. gr. hegningarlaga.
 1950 10/2: Dómur: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum.

1953 30/9: Dómur: 250 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum. Sýknaður af ákæru fyrir brot á áfengislögum. Staðfest í Hæstarétti 25/10 1954.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962, laust fyrir kl. 0400, kom ákærði ásamt þrem mönnum öðrum með slasaðan mann á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Þetta var Sigurbjörn Árnason frá Skál á Síðu. Var hann lagður inn á sjúkrahúsið og meiðsli hans athuguð. Við læknisskoðun kom í ljós, að bæði beinin á hægri fótlegg voru brotin, sköflungsbeinið á mörkum mið- og neðsta þriðjungs og sperrileggurinn töluvert ofar, á mörkum mið- og efsta þriðjungs. Brotið í sköflungsbeininu var skábrot. Mjög mikið „hæmaton“ var á brotstaðnum, og röntgenmynd, sem tekin var strax, sýndi mikla dislocatio brotendanna (ad latum).

Brotin greru seint, og var sjúklingurinn á sjúkrahúsinu til 16. ágúst s. á. Sjúkrahúslæknir gerði grein fyrir læknismeðferð og sjúkrasögu hans í skýrslu, dags. 15. ágúst s. á. Segir þar meðal annars:

„Vegna hinnar miklu bólgu á brotstaðnum voru spelkur lagðar á til bráðabirgða, en 28/5 var í Intravenösri Pentothalsvæfingu reynt að setja saman brotin og gipsumbúðir lagðar á frá miðju læri og fram fyrir tær. Smádreyrablaðra var yfir brotstaðnum og sár undir henni, og líkur eru til, að oddurinn á beininu hafi rekizt þar út í húðina a. m. k. Ekki tókst að koma brotunum nógu vel saman, og eftir 10 daga var aftur reynt að reponera og nýtt gips sett á fótinn. Það fór þó á sömu leið, brotið komst ekki saman, og stytting var 1—2 cm. Sjúklingurinn var með sóthita í rúma viku eftir komu og var gefið Penicillin-Streptomycin-inj. Auk þess fékk hann lýsi og B&C vítamín-inj. Þar sem ekki tókst að koma brotinu saman, var það ráð tekið 15. júní s.l. að negla brotin saman. Tókst það vel, og var sj. settur í göngugips á eftir. Við operationina kom í ljós, að vöðvahold hafði farið á milli beinendanna, og þess vegna tókst ekki að koma þeim saman. Eftir þetta gekk sj. um með hækjur og leið sæmilega. Mánud. 6. ágúst s.l. var gipsið tekið af honum, og hefur hann verið með púða úr frauðgúmmí undir holilinni og gengið í nudd. Nokkuð sígur enn á fótinn, og tær og rist blána.“

Um tildrög meiðslanna skýrði Sigurbjörn svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 27. maí 1962 hefði hann verið á gangi um

götur bæjarins með ákærða og Auðuni Jónssyni matsveini og einhverjum fjórða manni, sem hann mundi ekki nafn á. Allir voru þeir talsvert undir áhrifum áfengis. Þeir gengu vestur Hásteinsveg. Hann og ákærði voru að þrátta um stjórnmal, en hvorugur var í æstu skapi. Síðan vissi hann ekki fyrir til en hann lá í götunni, en sagðist þó vita, að ákærði sló hann. Hann kvaðst hafa sagt þeim, sem með honum voru, að hann væri fótbrotinn og hafi þeir ekki viljað trúá honum í fyrstu. Varð þeim þó brátt ljóst, að hann gat ekki risið upp og tóku hann upp og báru í áttina til sjúkrahússins. Á Skólaveginum hittu þeir mann, sem sagði þeim, að ekki væri hægt að fara svona með hann. Maður þessi tók hann á öxlina og bar hann á sjúkrahúsið. Hann sagði, að ákærði hefði tvisvar komið til sín á sjúkrahúsið og viðurkennt að vera valdur að fótbroti hans. Hann kvaðst hafa legið á sjúkrahúsinu til 16. ágúst og verið með öllu óvinnufær til 14. nóv. 1962. Hann kvaðst hafa misst af skiprúmi á v/b Marz, VE 204, um sumarið vegna fótbrotsins og einnig hefði hann misst af vinnu við Sláturfélag Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri um haustið, en þar hafi hann átt vísa vinnu.

Ákærði skýrði svo frá, að laugardagskvöldið 26. maí hafi hann verið heima hjá matsveininum á m/b Bergi, Auðuni Jónssyni, á Kirkjuvegi 64, en sjálfur var hann vélstjóri á þeim bát. Með þeim var einnig Ólafur Guðmundsson frá Bergsstöðum. Allir voru þeir við skál. Upp úr miðnóttinni, en hvað klukkan var, vissi hann ekki, fóru þeir allir út. Þegar út kom, hittu þeir Sigurbjörn Árnason, sem var þar einn síns liðs og virtist vera undir áhrifum áfengis. Auðunn kannaðist við hann, og slóst hann í för með þeim. Gengu þeir niður Kirkjuveg að samkomuhúsinu. Þaðan fóru þeir niður á Strandveg og að húsi Ísfélags Vestmannaeyja. Þaðan héldu þeir aftur upp að samkomuhúsi. Þar skildi Ólafur Guðmundsson við þá. Gengu þeir svo vestur Vestmanna- braut og upp Skólaveg og beygðu þar vestur á Hásteinsveginn. Auðunn var með hálfá flösku af brennivíni, og drukku þeir allir úr henni lítils háttar. Stuttu eftir að þeir hittust, fór Sigurbjörn að mana ákærða til slagsmála, en ákærði kvaðst ekkert hafa viljað við slíkt eiga og sagt Sigurbirni, að það þýddi ekkert fyrir hann. En er þeir komu vestur á Hásteinsveginn, hafi Sigurbjörn þrifið í aðra öxl hans og reitt til höggs. Ákærði kvaðst þá hafa slegið til hans með vinstri hendi og hafi höggið ef til vill komið í andlit Sigurbjörns, þótt hann geti ekki sagt um það með vissu.

Höggið hafi verið það lítið, að hver maður hefði átt að geta staðizt það, en Sigurbjörn stóðst það ekki, vegna þess hve drukkinn hann var. Féll hann í götuna og bögglaðist fóturinn undir honum. Er hann ætlaði að standa upp, gat hann það ekki og sagði, að fóturinn væri eitthvað snúinn. Kvaðst ákærði þá hafa tekið Sigurbjörn í fangið og ætlað að bera hann heim, en Auðunn vissi, hvar hann var til húsa. Ákærði bar hann svo dálítinn spöl vestur eftir Hásteinsveginum. Sigurbjörn kvartaði undan sársauka í fætinum, og kvaðst ákærði þá hafa lagt hann niður í götuna, enda hafi hann ekki treyst sér til að bera hann lengra í bili. Fór hann svo í næsta hús og hringdi á lögreglustöðina, en þar svaraði enginn. Fór hann þá aftur til Sigurbjörns, tók hann í fangið og ætlaði að bera hann á sjúkrahúsið. Fór hann með hann austur Hásteinsveg og inn á Skólaveg að húsinu Geysi. Þar lagði hann Sigurbjörn niður, enda kvaðst hann hafa verið orðinn uppgefinn. Þarna komu að tveir aðkomumenn, sem hann þekkti ekki. Annar þeirra tók Sigurbjörn á bakið og bar hann á sjúkrahúsið. Veinaði Sigurbjörn ofsalega, er maðurinn tók hann upp og lagði á bak sér. Daginn eftir kvaðst ákærði hafa komið til Sigurbjörns á sjúkrahúsið og spurt um líðan hans. Þá var búið að ganga frá meiðslum hans, og taldi Sigurbjörn, að þau væru ekki alvarleg. Ákærði kvaðst aldrei hafa viðurkennt, að hann ætti sök á meiðslum hans og væri frásögn Sigurbjörns röng að því leyti.

Út af framburði ákærða tók Sigurbjörn fram, að það væri ósatt, að hann hefði manað ákærða til slagsmála. Hann kvaðst ekki heldur hafa þrifið í öxl ákærða né reitt til höggs og hafi hann ekki gefið ákærða neitt tilefni til árásarinnar.

Auðunn Jónsson kvaðst hafa setið við drykkju heima hjá sér laugardagskvöldið 26. maí 1962 ásamt ákærða og Ólafi Guðmundssyni frá Bergsstöðum. Þeir gengu allir út, er klukkan var á að gizka tvö eftir miðnætti. Á götunni fyrir utan húsið hittu þeir Sigurbjörn Árnason, sem var þar einn á ferð og töluvert mikið drukkinn. Ákærði var undir áhrifum, en minna en Sigurbjörn. Sjálfur kvaðst Auðunn hafa verið undir áhrifum, en ekki mikið. Sigurbjörn varð þeim samferða. Byrjaði hann strax á skætingi við ákærða, en lét hina í friði. Ekki kvaðst Auðunn muna, hvernig orð féllu, en hann hafi verið að erta ákærða með pólitísku þrasi. Niður Kirkjuveginn kvaðst Auðunn hafa gengið á undan með Ólafi frá Bergsstöðum, en Sigurbjörn og ákærði

voru spölkorn á eftir. Var svo haldið áfram niður í bæinn og vestur Miðstræti og upp Bárugötu. Er þeir komu á Vestmannabrautina, skildi Ólafur við þá og fór austur á bóginn. Hinir gengu vestur Vestmannabraut og upp Skólaveg. Sigurbjörn hélt áfram sínu pólitíska þrasi, en ekki gerði Auðunn sér grein fyrir, hvaða flokki hann tilheyrði. Er Ólafur var farinn, kveðst Auðunn hafa gengið á milli þeirra Sigurbjörns og ákærða. Taldi hann í fyrstu, að þetta hefði atvikazt þannig fyrir tilviljun, en síðar kvaðst hann halda, að hann hefði gengið milli þeirra til þess að fyrirbyggja ryskingar, enda hafi Sigurbjörn verið að mana ákærða til slagsmála. Héldu þeir svo áfram upp Skólaveg og gengu samsíða, Auðunn í miðju, en hinir sitt hvoru megin við hann. Beygðu þeir síðan inn á Hásteinsveg. Er þeir voru skammt komnir inn á Hásteinsveg, varð Auðunn þess var, að Sigurbjörn seildist með annarri hendinni fram með baki hans og þreif í öxl ákærða og ýtti við honum. Ákærði snarðist þá fram fyrir hann og reiddi til höggs. Er Auðunn leit við, var Sigurbjörn að hníga niður. Allt gerðist þetta í skjótri svipan. Hann fullyrti, að á því léki ekki vafi, að ákærði hefði slegið Sigurbjörn, en áður hafi Sigurbjörn seilzt til ákærða og þrifið í hann, eins og þegar hefur verið lýst. Hann kvaðst ekki hafa séð Sigurbjörn reiða til höggs, eins og ákærði heldur fram. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort ákærði hefði slegið með kreftum hnefa og ekki heldur, hvora höndina hann notaði. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort fast var slegið né hvar höggið kom á Sigurbjörn. Þetta gerðist úti á miðri götu, og er gatan malborin. Skuggsýnt var. Sigurbjörn reis ekki upp af götunni, heldur lá kyrr, og hélt Auðunn í fyrstu, að hann væri að leika sér að því að liggja í götunni, og hið sama hélt ákærði. Síðar sáu þeir, að svo var ekki. Hann og ákærði reyndu að reisa Sigurbjörn upp, en Sigurbjörn kvartaði þá um, að hann fyndi mikið til. Tók ákærði hann þá upp og bar hann spölkorn og lagði hann svo niður. Fór ákærði síðan í hús og ætlaði að hringja á lögregluna, en mun ekki hafa náð til hennar. Kom hann svo aftur og tók Sigurbjörn og bar hann enn kippkorn. Komu þá að tveir menn, sem hann ekki þekkti. Annar þeirra tók Sigurbjörn á bakið og bar hann í áttina til sjúkrahússins. Síðasta spölinn að sjúkrahúsinu báru þeir hann fjórir. Hann sagði, að Sigurbjörn hefði veinað, er aðkomu- maðurinn tók hann á öxlina, og einnig hefði hann kveinkað sér, er ákærði bar hann. Er Sigurbjörn var kominn á sjúkrahúsið,

fór Auðunn heim. Daginn eftir fór hann með ákærða á sjúkrahúsið til að vita, hvernig Sigurbirni liði. Áttu þeir tal við hann, og kvaðst Sigurbjörn vera fótbrottinn. Ekki heyrði hann Sigurbjörn minnst á, að ákærði ætti sök á fótbrottinu, og ekki var rætt um, hvernig fótbrottið hefði viljað til. Hann heyrði, að ákærði bauðst til að tala við skipstjóra Sigurbjörns, Grétar Skaptason, og biðja hann að halda skiprúmi lausu, meðan Sigurbjörn væri að ná sér. Ekki mundi hann eftir öðru, sem þeim fór á milli. Framburð þennan staðfesti hann með eiði.

Samkvæmt framburði Auðuns Jónssonar svo og ákærða sjálfs má telja upplýst, að ákærði hafi slegið til Sigurbjörns, sem við það hafi fallið í götuna og ekki getað staðið upp aftur. Ákærði hefur vefengt, að meiðsli Sigurbjörns hafi stafað af sínum völdum og m. a. talið, að í mesta lagi hafi önnur pípan í hægri fótlegg brotnað við fallið, en hin hafi brotnað, er aðkomumaðurinn tók hann á bakið. Vitnaði hann í því sambandi til ummæla sjúkrahúslæknis. Sjúkrahúslæknir kvaðst hins vegar aldrei hafa látið nein ummæli falla í þessa átt, enda ekki gert ráð fyrir eða haft ástæðu til að ætla, að Sigurbjörn hafi brotnað við burðinn. Ekki hafa heldur verið leiddar að því líkur á annan hátt, að Sigurbjörn hafi brotnað við flutninginn á sjúkrahúsið og verður því gengið út frá, að meiðsli hans hafi atvikazt með þeim hætti, að fótur hans hafi snúizt undir honum og brotnað, er hann féll við höggið, sem ákærði veitti honum. Framburður Auðuns Jónssonar hnígur í þá átt, að Sigurbjörn hafi sýnt ákærða áreitni, en þó ekki á þann veg, að réttlætianlegt væri, að ákærði snerist gegn honum og slægi hann, eins og hann gerði. Af þessu leiðir að líta verður svo á, að ákærði eigi sök á meiðslum hans og hefur þar með gerzt brotlegur við 218 gr. alm. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en með tilliti til málsatvika þykir rétt að ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin og falli niður að tveim árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla alm. hegningarlaga eru haldin.

Af hálfu Sigurbjörns Árnasonar komu fram skaðabótakröfur á hendur ákærða. Námu þær í upphafi kr. 66.263.80, en var síðan breytt til samræmis við fyrirliggjandi gögn og lækkaðar niður í kr. 66.073.80. Sú fjárhæð sundurliðaðist á þessa leið:

| | |
|-----------------------------|--------------|
| 1. Lækniskostnaður | kr. 1.510.10 |
| 2. Sjúkrahúskostnaður | — 14.350.00 |

3. Vinnutap:

| | | |
|--|-----|-----------|
| A. Vinna við standsetningu 28., 29., 30. maí og 1. og 2. júní 1962, 8 st. á dag á kr. 24/80, eða 198/40 á dag í 5 daga .. | kr. | 992.00 |
| B. Aflahlutur á v/b Marz, VE, 4/7—6/9 1962 | — | 27.698.50 |
| C. Vinnutap 14/9—14/10 (sic) 1962, 48 daga á kr. 198.40 .. | — | 9.523.20 |
| 4. Miskabætur og þjáninga | — | 12.000.00 |

 Kr. 66.073.80

Af hálfu ákærða er þess krafizt, að kröfum þessum verði vísað frá réttinum vegna vanreifunar. Ákærði hafi hlotið að fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem koma eigi hér til frádráttar, en þeirra sé hvergi getið. Aflahluturinn á v/b Marz sé brúttófjárhæð, en þar frá beri að draga fæðiskostnað. Krafizt sé vinnutaps fyrir 28. maí 1962, en þann dag hefði hann tæpast verið vinnufær vegna vinnestöðlu daginn áður, þótt engin meiðsli hefðu komið til. Auk þess sé ekki krafizt bóta fyrir vinnutap frá 3/6 1962 til 3/7 1962 né frá 7/9 1962 til 13/7 1962. Í öðru lagi er kröfunum mótmælt af hálfu ákærða sem honum óviðkomandi, röngum og of háum.

Ekki þykir rétt að vísa skaðabótakröfum Sigurbjörns Árnasonar frá réttinum með þeim rökum, sem fram eru færð af hálfu ákærða. Verða því einstakir kröfuliðir teknir til meðferðar hér á eftir:

1. *Lækniskostnaður, kr. 1.510.10.*

Lagður hefur verið fram kvittaður reikningur frá Einari Guttormssyni sjúkrahúslækni fyrir þessari fjárhæð, og verður því þessi liður tekinn til greina að fullu.

2. *Sjúkrahúskostnaður, kr. 14.350.00.*

Lagður hefur verið fram reikningur frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja á hendur Sigurbirni Árnasyni fyrir þessari fjárhæð, og er hann ókvittaður. Forstöðumaður sjúkrahússins upplýsti fyrir réttinum, að reikningurinn væri ógreiddur, en tilætlunin væri að fá hann greiddan af sjúkrasamlaginu í heimilissveit Sigurbjörns. Við munnlegan flutning málsins upplýsti umboðsmaður

ákærða, að sjúkrasamlagið hefði greitt reikninginn. Samkv. þessu hefur Sigurbjörn Árnason ekki greitt reikninginn, og ekki hefur hann heldur fengið hann framseldan. Verður honum því ekki tildæmd þessi fjárhæð.

3. *Vinnutap.*

A. *Vinna við standsetningu 28/5—2/6 1962 5×198.40, kr. 992.00.*

Skipstjórinn á v/b Marz, VE 204, mætti fyrir réttinum og skýrði svo frá, að Sigurbjörn Árnason hefði ásamt öðrum hásetum unnið við standsetningu á bátnum undir síldveiðar, áður en hann slasaðist, og mundi hafa eða átt þess kost að halda þeirri vinnu, ef meiðsli hans hefðu ekki komið til. Skipstjórinn upplýsti jafnframt, að standsetningu hefði ekki verið lokið fyrr en 4. júlí 1962, er skráð var á bátinn. Samkvæmt þessu er kröfu þessari mjög í hóf stillt, og ekki verður litið svo á, að Sigurbjörn hafi hlotið að verða ófær til vinnu þann 28. maí, þótt hann hefði neytt véns aðfaranótt þess 27. maí. Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að fullu.

B. *Aflahlutur á v/b Marz, VE 204, 4/7 1962—6/9 1962, kr. 27.698.50.*

Skipstjórinn á Marz upplýsti, að Sigurbjörn hefði verið ráðinn á bátinn á síldveiðar um sumarið, og bókhaldari útgerðarinnar upplýsti, að aflahluturinn um sumarið hefði numið kr. 27.698.50. Með tilvísun til þessa og þar sem ekki virðist rétt að draga fæðis-kostnað frá, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

C. *Vinnutap um haustið 1962, 48 daga á 198.40, kr. 9.523.20.*

Eins og áður getur, kvaðst Sigurbjörn hafa ætlað sér að vinna hjá Sláturfélagi Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri um haustið og hafi hann átt þar vísa vinnu. Ekki þykir ástæða til að vefengja þessa frásögn. Samkvæmt læknisvottorði var Sigurbjörn óvinnufær vegna meiðslanna til 14. nóv. 1962, en samkv. reikningi umboðsmanns hans er hér farið fram á bætur fyrir vinnutap á tímabilinu 14. sept. til 14. okt. 1962 og það talið 48 dagar. Samkv. málsútlitun sækjanda mun hér vera um misritun á mánaðardegi að ræða, 14. október í stað 14. nóvember. Virðist það ekki ósennilegt. Ekki virðist það heldur ósennilegt, að á þessu tímabili hafi Sigurbjörn átt vísa vinnu í sláturhúsinu á Kirkjubæjar-

klaustri í 48 daga, og þykir því rétt að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

4. *Miskabætur og þjáninga, kr. 12.000.00.*

Fjárhæð þessi virðist ekki ósanngjörn, og verður hún tekin til greina að fullu.

Sigurbjörn Árnason lýsti því yfir fyrir rétti 10. maí 1963, að hann hefði engar bætur fengið vegna meiðslanna, hvorki frá Almannatryggingum né annars staðar frá. Dómarinn getur þess, að eftir að málið fór í dóm, hafi hann hringt til Almannatrygginga og fengið þær upplýsingar, að ekki væri sjáanlegt, að Sigurbjörn Árnason hefði fengið neina dagpeninga úr slysatryggingunni á árinu 1962, sem varla var heldur von.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Sigurbirni Árnasyni kr. 1.510.10, kr. 992.00, kr. 27.698.50, kr. 9.532.20 og kr. 12.000.00, eða alls kr. 51.723.80, ásamt 8% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 31. des. 1964 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal kr. 4.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 4.000.00 í málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Vigfús Waagfjörð, sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að tveim árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla alm. hegningarlaga eru haldin.

Ákærði greiði Sigurbirni Árnasyni kr. 51.723.80, ásamt 8% ársvöxtum frá 27. maí 1962 til 31. des. 1964 og 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal kr. 4.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 4.000.00 í málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.